

## Fundagerð 186. fundar stjórnar VM

Haldinn fimmtudaginn 13. júní kl. 09:30 í VM húsinu, Stórhöfða 29.

Mættir: Guðmundur Helgi Þórarinnsson, Helgi Már Sigurgeirsson, Einar Sveinn Kristjánsson, Ingi Bogi Hrafnsson, Pétur Freyr Jónsson og Einar Óskar Friðfinnsson.

Fjarfundur: Sigurður Gunnar Benediktsson, Kristmundur Skarphéðinsson og Gunnar Sigurðsson.

Fjarverandi: Tinna Magnúsdóttir

Dagskrá :

### 1. Frágangur á fundagerð stjórnarfundar VM nr. 185

Fundagerð samþykkt og send í rafræna undirritun

### 2. Skýrsla formanns og staða kjaramála

Ég vil byrja að segja frá því að ég var í fríi frá og með 7. maí til og með 14. maí.

Samningamál var það sem tók mestan tíma frá því við funduðum síðast.

Við kláruðum samning við hvalaskoðunina. Þar voru aðeins 15 á kjörskrá og kusu aðeins fimm, já sögðu tveir og þrír sögðu nei, og samningurinn því feldur. Við þurfum því að byrja á því að funda með okkar mönnum og sjá hvað við þurfum að gera til þess að fá samninginn samþykktan. En samningurinn var byggður á samningi VM við SA.

Þá erum við búnir að halda þrjá formlega fundi með SA vegna farmanna. Er hann tilbúinn að og það er verið að vinna texta, vonandi að það klárast í næstu viku.

Einnig erum við búnir að halda átta fundi með orkugeiranum og nokkra með samninganefndunum. Á fundi sem var í gær náðist að klára síðustu fyrirtækin og eru þeir samningar komnir í hreinritun. Vonandi náum við að klára kynningar og byrja kosningar þá ekki seinna en í næstu viku.

ASÍ hélt undirbúningsfund vegna 46. þings ASÍ 23. maí hér í húsi. Það var sent bréf á fulltrúaráðið og það boðað. Það var mjög leitt hversu fáir komu en umræður voru góðar. Svona fundur var haldinn um allt land og er ASÍ að vinna úr þeim niðurstöðum núna. Helgi sagði að sér hefði fundist þetta mjög gagnlegur fundur og leitt hvað fáir stjórnarmenn mættu. Samráðshópur ASÍ og SA um lífeyrismál 27. maí og aðalfundur Landssamtaka lífeyrissjóða 28. maí. Þar voru menn vonsviknir hvers stór hluti af tilgreindri séreign gekk til erlendra tryggingarfélaganna. En glærur frá fyrri fundinum eru hér undir ,lagt fram til upplýsinga, ef menn vilja skoða það betur.

Þá voru hinir ýmsu fundir á vegum ASÍ eins og miðstjórn, Verðlagsnefnd og Efnahags- og skattanefnd

Fundur í samstarfsnefnd um bættu umgengni um auðlindir sjávar á vegum Matvæla ráðuneytisins.

Fundur var hjá Brim með áhöfnum uppsjávarskipa þar sem var farið yfir væntanlegt samstarf þeirra og Eskju um veiðar á Makríl, fimm skip, þrjú frá Brim og tvö frá Eskju veiða þá í einum potti.

Þá er sá tími sem aðalfundur orlofsbyggða fara fram og er búið að funda í Svignaskarði og Furulundi. Staðan á Snorrastöðum er sú að búið er að steypa plöturnar, búið að smíða einingarnar og byrjað að reisa í næstu viku, áætlað að það verði búið um mánaðarmót. Lokaúttekt á Einarstöðum fer fram á morgun og í framhaldi á því fer svo húsið í leigu. Fram undan eru þessir árlegir viðburðir, golfmót og ferð eldri félagsmanna. Ferð eldri félagsmanna verður farin að öllum líkindum 27. ágúst og golfmótið 30.ágúst.

### 3. Tótal – félagakerfi

Vegna innleiðingar á Tótal þá var verkefninu skipt upp í tvennt, þ.e. þau atriði sem áttu að klárast fyrir sumarfrí og svo tökum við vinnuna upp eftir sumarlokun.

Við höfum klárað öll verkefni á réttum tíma, Austurnet umsjónaraðili kerfisins er að byrja að keyra gögn úr DK yfir í Tótal, við gerum ráð fyrir að það klárast í næstu viku og þá getum við hafist okkar megin að stilla kerfin upp eins og við viljum hafa þau.

Fjárhagslega þá hafa allar okkar áætlanir staðist hingað til.

Gert er ráð fyrir að allir verði komnir með aðgang að nýjum kerfum fyrir sumarlokun og geti byrjað að læra á og leikið sér í kerfum félagsins.

### 4. Bréf til aldursfélaga

Formaður birti tillögu að bréfi. Talað var um að það mætti jafnvel senda þetta sem fréttabréf á alla. Talað var um að það þyrfti að vinna svona bréf líka fyrir trúnaðarmenn svo að þegar þeir eru kosnir þá fái þeir allar upplýsingar. Umræður urðu um trúnaðarmenn og formaður sagði frá því að starfsmaður í kjaradeild sé að vinna í að koma þessu í góðan farveg með því að hafa samband við þá sem eru skráðir. Sagt var frá því að hjá Veitum hafi alltaf verið tveir trúnaðarmenn en annar er hættur svo nú er bara einn. Það þarf að verða vitundarvakning á vinnustöðum varðandi trúnaðarmenn. Bent var á á að sá sem er að hætta sem trúnaðarmaður þurfi að tryggja að það komi annar í staðinn.

### 5. Skipun Lífeyrisnefndar og Fagnefndar sjómanna

Formaður sagðist hafa lítið komist í þetta vegna anna við kjarasamninga. Við eigum fulltrúa í Birtu og Gildi og svo einn í lífeyrissjóði Vestmannaeyja. Það er spurning með lífeyrisnefndina vilja menn að fulltrúar komi úr fulltrúaráðum sjóðanna, á stjórnin að eiga mann í nefndinni eða? Búið var að ákveða að í nefndinni yrðu fimm til sjö en hvort verður það? Niðurstaðan var fimm. Formaður sagði að hann yrði að velja einn fulltrúa úr Birtu og einn úr Gildi og svo þrjú í viðbót, formaður yrði áheyrendafulltrúi. Einn stjórnarmaður bauð sig fram í nefndina og formaður sagðist vita af einum sem hefði áhuga. Varðandi fagnefnd sjómanna eigum við þá að hafa þá sem eru í samninganefndinni eða fá nýtt blóð. Benti var á að það væri gott að fá ferskt blóð og það þurfa að vera menn sem hafa eitthvað til málanna að leggja og mega tjá sig. Talarð var um að hafa góða aldursdreifingu í þessum nefndum. Formaður vill hafa menn í þessu sem hafa virkilega áhuga sama hvað þeir eru gamlir. Ákveðið var að í

fagnefnd sjómanna yrðu sjö og að formaður færi í að finna menn í þessar nefndir og kæmi með tillögu á næsta fund.

## 6. Ákvörðun um félagsgjald aukafélaga

Formaður lagði fram tillögu, eina sem þeir fá er að sækja viðburði og að leigja orlofshús. Tillagan sýndi laun þriggja starfstétta og 0,25% af þeim. Ákveðið var að miða við taxa Vélfræðinga með sveinspróf og iðnfræðina 0,25% af lágmarkstaxta og námunda töluna upp í næsta þúsund. Gjaldið mun svo breytast með kjarasamningum. Einar Sveinn sagði beint í Vélfræðinga með sveinspróf og iðnfræðinga. Pétur benti á að ef við ætlum að segja að þetta tengist einhverju þá þurfum við að segja hverju það tengist. Allir sammála um það.

## 7. Launamál

Formaður sýndi skjal frá árinu 2016 um greiðslur til félagsmanna vegna starfa þeirra fyrir félagið hann var líka með skjal frá Rafiðnaðarsambandinu sem hann sýndi. Hann óskaði síðan eftir að launaneftndin fengi að uppfæra þetta skjal. Samþykkt.

## 8. Lagt fram til upplýsingar.

- a. Lífeyrismál
- b. Ársreikningur Fagfélaganna

## 9. Önnur mál

- Við höfum verið að taka þátt í Verkið, keppni iðnaðarmanna. Borguðum ferð fyrir tvo til Finnlands. World Skills er í ár haldið í Frakklandi. Sömu aðilar og síðast hafa mikinn áhuga á að taka þátt. Ferðin til Finnlands kostaði um 280 þúsund. Lagt er upp með fjögurra daga ferð. Tilgangur er að koma á tengslum og komast í samstarf til að tengja við Íslandsmótið. Okkur hefur boðist að æfa með Finnum og Pólverjum fyrir Euro Skills og við gætum notfært okkur það þegar við erum komin með kandídat. Til að byrja með myndum við hafa þetta sem sýningargrein hér á Íslandi til að vekja áhuga og í framhaldinu svo finna kandidat til að keppa fyrir Íslands hönd en við erum samt ekki tilbúin í það strax. Samþykkt var að senda þessa tvo aðila út og með þeim fer sá sem er yfir málminum í Iðunni.
- Ósk hefur komið um að kaupa Avant tæki m.a. til snjómokstur. Svipað tæki er hjá Rafiðnaðarsambandinu á Apavatni og hefur nýst þeim mjög vel. Verðið er 7.900.000 og snjótönn kostar 823.000. Meðmæli frá þeim sem eru á Apavatni með þessu tæki. Helgi benti á að það væri snyrtilegra að vera með tilboð í annað svipað tæki hjá öðru fyrirtæki, til að rökstyðja ákvörðunina. MultiOne væri annað tæki sem er svipað en er ekki að koma jafn vel út. Bent var á að það þyrfti að gera þarfagreiningu og upplýsingar þurfa að vera mun betri. Þessi vinnubrögð eru bara ekki í boði það þurfa að koma rökstudd skjöl sem sýna þörfina og t.d. hver er rekstrarkostnaður við tækið og fleira. Af hverju ætlum við að kaupa þetta, hver er þörfin hver er rekstrarkostnaður og fleira. Þarf að byggja yfir tækið eða er pláss? Ákveðið að geyma þetta til haustsins og að þá muni liggja fyrir betri gögn.
- Spurt var hvort þetta hefði eitthvað farið í gengum orlofsnefndina. Svo er ekki en auðvitað hefði það átt að vera og hún að forvinna fyrir stjórnina.

- Á síðasta fundi kom tillaga um að stofna skemmtinefnd. Margir af yngra félagsfólki nennir ekki að mæta á aðalfund því þeir eru þurrir og leiðinlegir. Þessi nefnd myndi efna til viðburða og meðalaldur þátttakenda yrðir einhver tala. Á þessum fundum væri hægt að vera með stuttar kynningar á t.d. hvað er trúnaðarmaður eða faglegar kynningar og svo veitingar, reyna að virkja þetta fólk. Það væri líka kannski hægt að hafa einn frá skólanum í nefndinni. Formaður og Ingi Bogi fara í að stofna skemmti/viðburðanefnd, og finna þrjá aðila til að vera í henni. Formaður vill líka setja einhverjar reglur um nefndina við erum landsfélag og þurfum líka að hugsa um landsbyggðina.
- Stjórnarmaður stakk upp á síðasta fundi að stofna fagnefnd í landi. Virkni í félaginu er 14% og við þurfum að hugsa hvernig við getum aukið þátttöku, þar væri gott að hafa nefnd til að vera sýnilega til þess að minna á félagið og störf félagsins.
- Einar Sveinn óskaði eftir að fá listi yfir alla styrki úr Akki, alveg frá 2007 á næsta fund og að nefndir sem verið er að skipa í fari inn á heimasíðuna, og það þarf að skrifa upp reglur nefndanna.
- Formaður spurði hvort menn væru til í að birta símanúmer og netfang á heimasíðu. Það er VM netfang á heimasíðunni sem er tengt netfangi stjórnarmanna og bara alls ekki símanúmer.
- Spurt var um skjalið í minningu Jóns Ásgeirs og formaður fór yfir það.
- Bent var á að það vantar ársreikning 2023 inn á heimasíðuna.
- Næsti fundur verður 15. ágúst og þá verður lagt fram plan út árið.

Fundi slitið 12:20